



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu mánudaginn 14.02.2011 kl. 17:15

Boðaðir: Snorri Olsen (SO), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Pálína Hinriksdóttir (PH), Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ) og Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ).

Mættir: Snorri Olsen (SO), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Pálína Hinriksdóttir (PH) og Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ). Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ) boðaði forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson (PG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar - Samþykkt
2. Fundargerð félagsráðsfundar 28.12.2010 - Samþykkt
3. Ritun sögu UMF Stjörnunnar
 - a. Guðni Th Jóhannesson söguritari kom á fundinn og gerði grein fyrir stöðu verkefnisins. Heimildavinna gengur ágætlega en tímaskortur söguritara veldur því að ekki er útlit fyrir að ritun sögunnar klárast að óbreyttu á árinu 2011. Aðalstjórn samþykkir viðbótarfjárveitingu til verkefnisins kr. 500.000,- og því gert ráð fyrir að heimildavinna og ritun sögunnar kosti samtals 1.250.000,- auk kostnaðar við myndir sem hugsanlega þarf að kaupa. Félagið mun kanna möguleika á að samtvinna útgáfu verksins við sögu Garðabæjar.
4. Drög að uppgjöri ársins 2010
 - a. Gjaldkeri gerði grein fyrir væntri afkomu félagsins á árinu 2010.
 - b. Aðalstjórn samþykkir að yfirtaka neikvæðan höfuðstól deilda félagsins samkvæmt fyrirbyggjand gögnum, samtals að fjárhæð 31 milljón króna mv 31.01.2011. Forsenda þessarar fyrirgreiðslu gagnvart deildum félagsins er að viðkomandi deild leggi fram rekstraráætlun 2011 án halla og hún verði samþykkt af aðalstjórn félagsins. Þá lýsi stjórnir deilda skriflega yfir að rekstur viðkomandi deildar verði hallalaus á árinu 2011. Fjármögnun byggir á afkomu aðalstjórnar og vallarsjóðs skv fyrirbyggjandi áætlun fyrir árið 2011.
5. Rekstraráætlanir 2011
 - a. Rekstraráætlanir aðalstjórnar og vallarsjóðs
 - i. Framkvæmdastjóri lagði fram drög að rekstraráætlun aðalstjórnar og vallarsjóðs.
 - b. Rekstraráætlanir deilda
 - i. Gjaldkeri gerði grein fyrir innsendum drögum að rekstraráætlunum meistaraflokka í knattspyrnu.
 - ii. Aðalstjórn vísa áætlununum aftur til knattspyrnudeildar og ítrekar að áætlanir þurfi að sýna jákvæða rekstrarniðurstöðu ársins 2011.
6. Samstarfssamningur UMF Stjörnunnar og Garðabæjar 2011-2012
 - a. Aðalstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur formanni og framkvæmdastjóra undirritun hans.
7. Samningur um rekstur knattspyrnuvalla 2011-2012
 - a. Aðalstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur formanni og framkvæmdastjóra undirritun hans.
8. Úthlutun fjáröflunarverkefna
 - a. Aðalstjórn samþykkir fram lagða tillögu framkvæmdastjóra um úthlutun dósasöfnunarverkefna fyrir tímabilið feb 2011 – jan 2013.
9. Búningamál - JSI gerði grein fyrir stöðu mála - umræður
10. Íþróttaskóli - JSI gerði grein fyrir stöðu mála - umræður
11. Önnur mál voru engin

Næsti fundur aðalstjórnar verður haldinn fimmtudaginn 24. Febrúar kl 17.15

Fundi slitið kl. 19:20